

## Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

**Staður:** Zoom fundur

**Dagsetning:** 18. ágúst 2020

**Tími:** 13:30 til 14:00

**Mættar** voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnadóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR). Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN) boðaði forföll.

**Dagskrá** fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Fundardagskrá
3. Viðburðir á tímum COVID 19.
4. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

### 1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

### 2. Fundardagskrá

Fundardagskrá stjórnarfunda og helstu viðburða komandi veturs var lögð fyrir og samþykkt. Samþykkt var að boða varakonur til stjórnarfundar þegar stjórnarkonur forfallast.

### 3. Viðburðir

Rætt var um komandi viðburði FKA, opunarviðburð 3. september, ráðstefnu um konur og fjármál 17. september og og Sýnileikadaginn sem er á dagskrá 26. september og hvernig hægt er að framkvæma glæsilega viðburði innan FKA í vetur án þess að slaka á varðandi gildandi sóttvarnareglur.

Stjórnin var sammála um að sú staða sem uppi er núna varðandi 100 manna fjöldatakmörkun og kröfur um 2ja metra fjarlægð sé krefjandi, en á sama tíma áskorun á FKA um að finna nýjar leiðir til að efla tengslanetið og koma FKA konum á framfæri.

Það er niðurstaða stjórnar að óhjákvæmilegt sé að hafa samræmdar reglur í gildi fyrir allar nefndir og deildir FKA varðandi fyrirkomulag viðburða á vegum FKA.

Á þeim grundvelli samþykkti stjórn eftirfarandi:

Stjórn FKA leggur áherslu á að sýna ábyrgð í sóttvörnum í öllu sínu starfi með eins lítilli truflun og hægt er og eins litlum áhrifum á það mikilvæga félagsstarf sem þar fer fram. Stjórn FKA hefur ákveðið að allir viðburðir á vegum FKA skuli taka mið af reglum stjórnvalda á hverjum tíma. Það þýðir að nefndir og deildir þurfa að takmarka fjölda einstaklinga sem koma saman á einum viðburði við

100 einstaklinga og tryggja tveggja metra fjarlægð. Ef ekki er hægt að viðhafa tveggja metra regluna á viðburðum FKA þarf að finna aðrar leiðir til að halda viðburðinn, en að öðrum kosti fresta viðburðinum þar til reglur um viðburði hafa verið rýmkaðar. Reglur þessar ná til allra viðburða í nefndum og deildum FKA.

Rætt var um skipulag opunarviðburðar 3. september og breytingar á undirbúningi Sýnileikadags, sem mun verða haldinn undir nýju nafni: „Sýnileiki í takt við nýja tíma“. Ragnheiður og Unnur Elva buðu sig fram til að undirbúa opunarviðburðinn með Andreu.

#### **4. Önnur mál**

Ekki voru önnur mál rædd.

Fundi sliti kl. 14:00.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.